

Skoðanakönnun á meðal skógarbænda

Norðurlandsskógar sendu öllum skógarbændum sem eru með skógræktarsamning við verkefnið skoðanakönnun fyrir stuttu. Markmið könnunarinnar er að fá svör við ýmsum spurningum um viðhorf og væntingar skógarbænda til starfsemi Norðurlandsskóga. Vonast er til að hægt verði að nýta svörin til að bæta þjónustu starfsmanna Norðurlandsskóga og árangur skógræktarinnar hjá bændum. Mikilvægt er að góð þátttaka verði á meðal bænda til að niðurstöðurnar verði marktækar. Við hvetjum skógarbændur eindregið til að taka þátt í þessari könnun.

Viltu læra að grisja?

Áhugasamir sem vilja læra aðferðir og réttu handtökin við grisjun geta fengið þjálfun með starfsmönnum Norðurlandsskóga. Hafið samband við Brynjar eða Begga í síma 461-5640 fyrir 1. mars.

Grænni skógar II

Námskeiðaröðin Grænni skógar II fer af stað nú í mars á Norðurlandi. Um 20 þátttakendur eru skráðir, og fyrsta námskeiðið verður í mars.

Fagráðstefna skógargeirans

Árleg fagráðstefna skógargeirans verður haldin dagana 24-25. mars í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp. Þemað verður straumar og stefnur í ræktun Sitkagrenis og birkis. Ráðstefnan verður auglýst nánar á heimasíðu Norðurlandsskóga www.nls.is

BJÖRKIN

Fréttabréf Félags skógarbænda á Norðurlandi,
11. árg. 1.tbl. 2011. Ábyrgðarmaður: Anna Ragnarsdóttir



Sameinuðu þjóðirnar hafa lýst árið 2011 sem „alþjóðlegu ári skóga.“ Verkefnið er hvatning til að auka vitund fólks um mikilvægi skóga og til að styrkja sjálfbæra umhirðu, vernd og uppvöxt skóga til hagsbóta fyrir núverandi og komandi kynslóðir.

Á árinu verða kynntir þeir möguleikar sem Íslendingar hafa á sviði skógræktar og hvernig landsmenn geta nýtt sem best skóga landsins til yndisauka, atvinnu- og verðmætasköpunar.

Merkið hér að ofan er hannað utan um þemað „þetta gerir skógurinn fyrir þig“ og það undirstrikar að skógar hafa marghátuð gildi fyrir allt mannlíf.

Umhverfisráðuneytið, Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, Skógrækt ríkisins, Landbúnaðarháskóli Íslands, Landsamtök skógareigenda, Skógræktarfélag Íslands og Landshlutaverkefni skógræktar munu vinna saman að verkefninu m.a. í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Ýmsir viðburðir eru áformaðir á árinu í tengslum við verkefnið og verða þeir auglýstir nánar síðar.

Jólatrjáarækt

Í lok síðasta árs samþykktu Landssamtök skógareigenda (LSE) að hafa forgöngu um 15 ára átaksverkefni í akurræktun jólatrjáa. Eins og flestum er kunnugt þá hefur innflutningur á jólatrjám verið mikill undanfarin ár og hlutur innlendra jólatrjáa að hámarki einn þriðji af heildarsölu. Til að bregðast við þessari staðreynd þá ákváðu Landssamtök skógareigenda að hefja stórátak í ræktun jólatrjáa í öllum landshlutum. Hugmyndin er að mynda starfshópa vítt og breitt um landið með áhugasömum einstaklingum sem hyggja á ræktun jólatrjáa.

Sá sem hyggur á þátttöku þarf að vera félagsbundinn í félagi innan Landssamtaka skógareigenda (t.d. í félagi skógarbænda á Norðurlandi). LSE leggur til uppskrift að jólatrjáaræktun sem nær frá upphafsskipulagi allt til sölu á jólatrjám.

Hver hópur vinnur saman næstu tólf árin og vinnur að sama markmiði, þ.e.a.s., að byggja upp atvinnugrein sem þróuð verður með samstilltu átaki þeirra sem hana stunda.

Áhugasamir einstaklingar geta haft samband við Önnu Ragnarsdóttir, formann Félags skógarbænda á Norðurlandi kritholl@simnet.is s. 8932615 eða við framkvæmdastjóra LSE á netfangið bjorn@sudskogur.is

Grisjun/bilun

Á starfssvæði Norðurlandsskóga eru elstu skógarnir að nágast 30 ára aldurinn. Þetta eru skógarreitir sem voru í verkefninu Nytjaskógrækt á bújörðum og gengu síðan inn í Norðurlandsskóga. Eftir 1990 varð talsverð aukning í gróðursetningu og nú eru þeir skógar komnir á þann aldur að nauðsynlegt er að fara að grisja þá, eða bila eins og það er gjarnan kallað þegar farið er í fyrstu grisjun með það að markmiði að jafna bilin á milli trjáanna, taka út lélegustu einstaklingana til að rýma fyrir þróttmeiri og fallegri trjám. Á næstu árum verður bilunin sífellt stærri þáttur í starfi skógarbænda og hefur stjórn

Norðurlandsskóga nú samþykkt grisjunarreglur sem er ætlað að halda utan um þennan verkþátt. Reglurnar miða að því að skógarbændur hafi um að velja nokkra kosti, allt hvað hentar hverjum og einum. Sumir skógarbændur vilja framkvæma bilunina eða grisjunina sjálfir á meðan aðrir kjósa að fá verktaka í verkið. Reglurnar miða einnig að því að það verði hvatning fyrir skógarbændur að nýta sér það efni sem til fellur í þeim tilfellum þar sem það er hagkvæmt. Reglurnar er að finna í heild sinni á heimasíðu Norðurlandsskóga www.nls.is, þær verða einnig sendar öllum skógarbændum með vorinu. Starfsmenn Norðurlandsskóga, þeir Brynjar og Beggi, hafa á undanföllum mánuðum unnið við það að tímamæla verkþætti og meta mismunandi skógargerðir með það að markmiði að finna út kostnað við bilunina og hvað hægt er að ná út af girðingarstaurum úr mismunandi gömlum lerkiskógi. Skógræktarfélag Eyfirðinga á vél sem barkar og yddar staurana. Úr góðum lerkiskógi geta fengist veruleg verðmæti í formi girðingastaura, en lerkistaurarnir eru taldir allra staura bestir hvað varðar styrk og endingu.



Norðurlandsskógar stóðu fyrir kynningu á stauravinnslu í skóginum í Glæsibæ fyrir í vetur. Hér fylgjast skógarbændur með Brynjari mata vélina lerkistaurum.